



19.02.2024
Tilv.: 2402126

Dreifibréf nr.: 7/2024
Til fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að nýjum reglum um gagnaskil fjármálafyrirtækja

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 1/2024 sem inniheldur drög að nýjum reglum um gagnaskil fjármálafyrirtækja. Reglurnar verða settar með stoð í 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Um er að ræða uppfærðar reglur um gagnaskil fjármálafyrirtækja þar sem reglugerð (ESB) 2022/1994, varðandi gagnaskil í tengslum við eigið fé, kvaðir á eignum og laust fé sem og gagnaskil í þeim tilgangi að skilgreina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu, bætist við þær reglugerðir sem þegar hafa verið innleiddar í núgildandi reglum um sama efni nr. 1163/2022.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjölum berist eigi síðar en 27. febrúar nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöð skal senda á netfangið: skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Haukur C. Benediktsson
framkvæmdastjóri
fjármálastöðugleiki

